



Góðir straumar í 40 ár

Alþingi
Erindi nr. P 131/961
komudagur 4.3.2005

Nefndasvið Alþingis
b.t.: iðnaðarnefndar
Austurstræti 8 – 10

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 03.03.2005

150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði

Með bréfi nefndarinnar frá 16. febrúar 2005 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Í kjölfar nýrra raforkulaga, nr. 65/2003 var lagt fram á Alþingi frumvarp um skattskyldu raforkufyrirtækja og barst Landsvirkjun það til umsagnar með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. febrúar sl. Landsvirkjun sendi efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um það frumvarp með bréfi dags. 28.02.2005 (sjá fylgiskjal).

Frumvarp það sem hér liggur fyrir til umsagnar er eðlilegt framhald af fyrrgreindu frumvarpi, verði það að lögum. Í því felst að undanþága allra orkufyrirtækja í landinu frá greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélaga fellur niður. Sérstaklega er þó tekið fram að frumvarpinu er ekki ætlað að hrófla við þeim almennu reglum sem gilda um fasteignaskatta og fasteignamat mannvirkja í eigu orkufyrirtækja.

Í ljósi ofangreinds gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við frumvarp það sem hér liggur fyrir eins og málin standa nú, en vekur sérstaka athygli á síðasta málslið fyrstu málsgreinar í athugasemdum við frumvarpið þar sem segir “Jafnframt taldi starfshópurinn nauðsynlegt að orkugeirinn sem heild byggir við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum.” Af því tilefni er rétt að leggja áherslu á þau sjónarmið, sem koma fram í meðfylgjandi fylgiskjali um fiskræktarsjóðsgjald en það er lagt á þau orkufyrirtæki sem framleiða raforku með vatnsafla en ekki önnur. Því er ítrekuð sú krafa fyrirtækisins að öll ákvæði í lögum um þá skattlagningu verði numin brott.

Virðingarfyllt

Friðrik Sophusson
forstjóri



Landsvirkjun
er bakhjarl
Þjóðminjasafns Íslands